

Viðmið um öryggi í íþróttamálum

Til að íþróttir teljist öruggar í öruggu samfélagi þarf:

1. innra skipulag sem byggist á samvinnu og samhug vinnuhóps sem í sitja stjórnendur, fulltrúar íþróttafélaga, tæknimenn og sérfræðingar í öryggismálum; þessi vinnuhópur ber ábyrgð á öryggismálum á sviði íþróttar, formaður hans er úr röðum íþróttanefndar samfélagsins en varaformaður úr hópi íþróttafélaga;
2. vinnuhópurinn að semja áætlun um öryggi í íþróttamálum og íþróttanefnd samfélagsins að samþykkja hana;
3. varanlega langtímaáætlun sem nær jafnt til beggja kynja og allra greina íþróttar, svæða og aðstæðna;
4. áætlunir sem beinast að áhættuhópum og varasömum stöðum, og áætlunir til að efla öryggi þeirra sem eru viðkvæmastir fyrir;
5. vinnureglur um skráningu meiðsla, bæði tíðni þeirra og orsakir – jafnt óviljandi (slys) sem viljandi (ofbeldi eða sjálfsmeiðingar);
6. aðferðir til að meta stefnumörkun, áætlunir og framkvæmd áætlana og hvaða áhrif breytingarnar hafa;
7. áframhaldandi þátttöku í samvinnu í íþróttamálum – í heimabyggð, innanlands og á alþjóðavettvangi.